



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 11. nóv. 1985.

103. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn þriðjudaginn 6.nóv. 1985. Mættir voru: Gunnar Sveinsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Bogi Hallgrímsson, Kristján Guðjónsson, Ingimundur Guðnason, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Hafliði Sævarsson, fulltrúi nemenda og Helga Loftsdóttir, ritari.

Gunnar Sveinsson, formaður, sagði fundinn settan og bauð Kristinn Kristjánsson velkominn sem fulltrúa kennara.

1. Fjárlagafrumvarpið 1986.

Skólameistari dreifði ljósriti úr fjárlagafrumvarpi 1986 og gerði grein fyrir því. Fram kom að ríkið hefur viðurkennt skuld við F.S. frá árunum 1976-1982 að upphæð kr. 1.600 þúsund vegna fjárfestinga. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir greiðslu á skuld að upphæð kr. 800 þúsund vegna fjárfestinga á árinu 1984. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til tækjakaupa á árinu 1986. Einnig kemur fram að F.S. hefur óskað eftir 15.8 milljón kr. til nýbyggingar. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er engu fé varið til nýbyggingar, þrátt fyrir vandræðarástand í húsnæðismálum. Fram kom að formaður, varaformaður og skólameistari hefðu farið bæði á fund fjárveitinganefndar og menntamálaráðuneytisins til að fylgja óskum skólanefndar um auknar fjárveitingar til F.S. eftir. Þá upplýsti skólameistari að nú liggi fyrir ógreiddir reikningar sem nema kr. 1.0 milljón fyrir yfirstandandi ár. Taldi skólameistari að flest sveitafélög hefðu staðið þokkalega í skilum, en treglega hefði gengið að ná fé frá ríkissjóði.

2. Húsnæðismál.

Skólameistari gerði grein fyrir því að í dag sé kennt á átta stöðum í F.S. og einn hópurinn sé algerlega á götunni. Verður kennarinn að treysta á veikindi annara kennara eða þá að kenna í lesstofu skólans. Leiguhúsnæði F.S. eru nú í Aðventistaheimilinu, K.F.U.M., húsi iðnaðarmanna og í Holtaskóla. Var það með velvilja skólastjóra Holtaskóla að tókst að greiða úr vandræðum nemenda og kennara F.S. með því að „skáskjóta“ þeim milli stofa. Sagði skólameistari að á síðustu vikum hefðu farið fram ítarlegar umræður í Keflavík um skipulag grunnskóla. Umræður snérust einkum um „langsum og þversum“ skiptingu. Þeirri hugmynd hefði verið varpað fram að gera Holtaskóla langskiptan, þriggja hliðstæða skóla en Myllubakkaskóla tveggja hliðstæða. Samkvæmt upplýsingum Sigurðar Þor-
kelssonar, skólastjóra Holtaskóla, þýddi þetta að nemendur Holtaskóla yrðu um 750 talsins. Þar með væri útilokað að leigja F.S. áfram kennslustofur.

ATH ÞRIÐJAR VILJUR Á FRUMRITINU
BÚÐ AÐ LEIÐGÆTTA ÞÆR Á
LJÓSRITINU

Skólameistari ítrekaði að þar með yrði húsnæðisvandi F.S. óheyrrilegur og lýsti þungum áhyggjum sínum af málum þessum. Talði hann húsnæðisvandann hamlu eðlilegu starfi F.S. og úrbætur yrðu að fást hið snarasta.

3. Námskeiðsstyrkur.

Bréf hefur borist frá bókasafnsfræðingi F.S., þar sem hún sækir um styrk til að sækja endurmenntunarnámskeið fyrir bókasafnsfræðinga um skjalavörslu. Samþykkt samhljóða.

4. Ráðning ritara.


Skólameistari gerði grein fyrir því að Ragnhildur Árna-dóttir, sem ráðin var í hálfa stöðu ritara frá 01.09.85, hafi þurft að hætta störfum vegna persónulegra ástæðna. Var starfið auglýst laust til umsóknar og sóttu þrjár um; Bára Hauksdóttir, Drífa Sigfúsdóttir og Krístrún Pétursdóttir. Samþykkt var samhljóða að ráða Drífu Sigfúsdóttur í starfið, þar sem hún hefur mesta starfsreynslu og menntun (stúdent frá F.S.).

5. Önnur mál.

- a) Tekið var fyrir bréf frá kennurum F.S. varðandi ferða-kostnað milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Kynnti Gunnar Sveinsson innihald bréfsins og gerði Kristján Kristjánsson, fulltrúi kennara, einnig nánari grein fyrir því. Vísaði formaður til fyrri afgreiðslu á sama máli og spunnust nokkrar umræður um málið. Að þeim lóknum bar formaður málið undir fundarmenn og var erindi kennara synjað með öllum atkvæðum nefndarmanna. Fór Kristinn frám á að máli þessu yrði svarað bréflega og var það samþykkt.
- b) Bogi Hallgrímsson minntist á bréf frá konu einni í Grindavík, varðandi styrk vegna ferða dóttur hennar utan venjulegs skólatíma. Var skólameistara falið að fylgja málinu eftir.
- c) Skólameistari minnir á að tíunda starfsár F.S. sé að hefjast. Leggur hann til að haldið verði upp á þetta með veglegum hætti við brautskráningu vorið 1986. Máli þessu var vel tekið og samþykkt var að tilnefna fimm manna hátíðarnefnd með fulltrúum frá Nemendafélagi og Kennarafélagi F.S., ásamt fulltrúum fyrrverandi nemenda, skólanefnd og skólastjórn. Að öðru leyti var ákveðið að taka þetta mál nánar fyrir á seinni fundum.
- d) Ákveðið að brautskráning á haustönn 1985 fari fram í Njarðvírkirkju þann 21. des. n.k. kl. 14:00.
- e) Skólameistari minnst á að hann hafi verið beðinn að sitja aðalsfund S.S.S. og hafa framsögu um frumvarp að lögum um skólakostnað.
- f) Hafliði, fulltrúi nemenda, minntist á húsgagnakaup á vegum Nemendafélagsins. Segir hann að N.F.S. ætli að greiða fyrir húsgögnin, en fer fram á það við skólanefnd að skólinn endurgreiði þann kostnað seinna meir,

þegar úrrættist í fjármálum skólans. Skólanefnd
samþykkti samhljóða að verða við þessu.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 18:35.


Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar.


Helga Loftsdóttir,
ritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

6. nóvember 1985

Umsóknir um hálfa stöðu ritara, auglýst þann 3. október 1985.

1. Bára Hauksdóttir, Hjallavegi 1-P, Njarðvík.
Gagnfræðapróf 1970. Lokið 4 áföngum í vélritun og 1 í bókfærslu við öldungadeild FS.
2. Drífa J. Sigfúsdóttir, Hamragarði 2, Keflavík. Stúdent af viðskiptabraut FS 1979. Fjögurra ára starfsreynsla af skrifstofu.
3. Krístrún Pétursdóttir, Austurgötu 23, Keflavík.
Tveir vélritunraáfangar og einn í bókfærslu við öldunga-deild FS.

Styck 3. 10. '85

Ög undirveldið hefur um ríðastanf,
sem auglýst er í Vísir-félagum.

Ög var 2 annir í veltum í fyrri veltu

við fjölbrotastofum, og einn í bókstafu
Ísland 22. 3. '27

Styck 3. 10. '85

Styck 3. 10. '85

Styck 3. 10. '85

Styck 3. 10. '85

Uppdrake 10/10 '85.

By. underskriftade och som skrift

utläsa. By. F.S. som underskriftade
seriet. Off. betalt 4 afongum i vel.
någon i Oungaradale F.S. By. sig.
någon, sanning, sanning i betygare and
83 ada 84. Off. sanning. Gagnfreddagat
radon 1969 - "70. Godel 9/11 "54.

Rare Ouedoblin
Ollaves 17
260 Nardvik
Sum 3753.

Keflavík, 10. október 1985.

Herra skólameistari
Hjálmar Arnason.

Eg sæk hér með um starf ritara sem auglýst var í
Víkurfrettum þann 3. október s.l.

Eg hef stundað ýmis störf m.a. almenn skrifstofu-
störf hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur frá 9. september
'74 til 1. janúar '78. Eg útskrifaðist sem stúdent
á viðskiptabraut frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja á
vorönn 1979.

Eg get hafið störf strax.

Virðingafyllst,

Drífa Jóna Sigfúsdóttir
Drífa Jóna Sigfúsdóttir,
Hamragarði 2, Keflavík,
sími 3764.

MIÐNESHREPPUR

SVEITARSTJÓRI

TJARNARGÖTU 4 - 245 SANDGERÐI - SÍMI 7554

Skólanefnd

Fjölbrautaskóla Suðurnesja,
230 Keflavík.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur tilnefnt Guðjón Þ. Kristjánsson,
Skólastræti 1, sem fulltrúa hreppsins í skólanefnd. Varamaður verður
Þórður Ólafsson, Ásabraut 11.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Sandgerði 9. október 1985.

